




Við vertíðarlok - staða og horfur í ferðapjónustunni

Daníel Svavarsson
Forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans


Rúmlega 20 milljónir erlendra ferðamanna hafa heimsótt Ísland frá árinu 1949

Fjöldi ferðamanna með flugi og Norrænu 1949-2019




Erlendum ferðamönnum fækkar í fyrsta sinn frá árinu 2010 ...

Fjöldi ferðamanna



Ferðamenn eftir þjóðerni




Fyrstu 8 mánuðir ársins borið saman við sama tímabil í fyrra




... en þeir stoppa lengur

Breytingar á fjölda ferðamanna og gistinguáttum




Meðaldvalarlengd erlendra ferðamanna



Lækkun raungengis krónunnar hjálpar ferðapjónustunni

Raungengi og jafnvægisraungengi



- Raungengi krónunnar hækkaði um 57% milli ára 2009 og 2017.
- Hröð þróun ferðapjónustunnar síðustu ár, viðvarandi afgangur á viðskiptajöfnuði og gjörbreytt erlend skuldastaða þjóðarbúsins hefur haft í för með sér að jafnvægisraungengi krónunnar hefur hækkað síðustu ár.
- Mat Seðlabankans á jafnvægisraungengi bendir frekar til þess að krónan sé nú undir en nálægt jafnvægisraungengi.

Samband raungengis og fjölda ferðamanna

Raungengi og fjöldi ferðamanna - breyting milli 2010 og 2018




- Töluvert samband virðist vera á milli þróunar raungengis og fjölda ferðamanna.
- Raungengi krónunnar hefur hækkað minnst gagnvart Bandaríkjadal en ferðamönnum frá Bandaríkjunum hefur jafnframt fjölgað mest síðustu ár.
- Mest hefur raungengið hækkað gagnvart norsku og sænsku krónunum en ferðamönnum frá Skandinavíu hefur einmitt lítið sem ekkert fjölgað á tímabilinu.

A photograph of a residential street in Reykjavik, Iceland, featuring colorful buildings in shades of grey, yellow, and green. The sky is overcast with soft, diffused light. The text 'Staðan á gistimarkaðnum' is centered in a bold, dark blue font.

Staðan á gistimarkaðnum


Mikil uppbygging í hótélgeiranum síðustu ár

Fjöldi hótélherbergja



Breyting frá fyrra ári. *Miðað við fyrstu 7 mánuði ársins borið saman við sama tímabil árið áður.

Herbergjanýting á hótélum




12 mánaða hlaupandi meðaltal.

- Fjöldi hótélherbergja á heilsárshótélum hefur fjórfaldast frá aldamótunum og farið úr 2.500 í rúmlega 10.000.
- Á sama tíma hefur fjöldi erlendra ferðamanna sem sækja landið heim næstum áttfaldast.
- Herbergjanýting hefur hins vegar dalað frá árinu 2017 sem skýrist líklega að hluta af sterkri innkomu Airbnb inn á gistimarkaðinn.

Herbergjanýting í Reykjavík ekki lengur best meðal jafningja á Norðurlöndunum


Meðalherbergjanýting á hótélum í höfuðborgum Norðurlanda



- Herbergjanýting hótela best í Kaupmannahöfn það sem af er ári.
- Reykjavík fellur niður um sæti og er nú í öðru sæti.

Varnarsigur hjá hótélum og gistiheimili í sókn


Gistinætur útlendinga fyrir og eftir fall WOW air



- Þróun gistinótta á fyrsta árfjórðungi var í takt við fækkun ferðamanna á fjórðungnum.
- Heildargistinóttum fjölgaði hins vegar óvænt á seinna tímabilinu (apríl til júlí). Gistinóttum útlendinga á heilsárshótélum fækkaði um 0,15% eftir fall WOW air en þeim fjölgaði um tæplega 4% á gistiheimilum og sumarhótélum.
- Þessum gleðitíðindum verður þó að taka með þeim fyrirvara að um er að ræða bráðabirgðatölur frá Hagstofu Íslands sem byggja á áætlun.

Hótelrekstur í höfuðborginni þyngist

Breytingar á fjölda gistinguáttum á hótélum




- Gistinguáttum á hótélum á höfuðborgarsvæðinu tók að fækka árið 2018 (-0,3%; allir gestir).
- Fyrstu 7 mánuði ársins 2019 fækkaði gistinguáttum um 5,8% milli ára.
- Gistinguáttum á hótélum enn að fjölga á landsbyggðinni.
 - 12,6% aukning 2018
 - 1,3% aukning 2019 (fyrstu 7 mánuði ársins)



Óskráða gistingin skreppur saman


Áætlaðar óskráðar gistinætur 2018-2019



- Fjöldi óskráðra gistinátta fækkaði um 2,8% á tímabilinu janúar til mars, miðað við fyrra ár.
- Á vor- og sumarmánuðum apríl til júlí dró enn hraðar úr fjölda gistinátta, eða um 13,7%.
- Samkvæmt áætlun Hagstofunnar fækkar óskráðum gistinóttum um 134 þúsund, eða rúmlega 10%, milli ára.


Gistinóttum í Airbnb fækkar á höfuðborgarsvæðinu en fjölgar á landsbyggðinni

Airbnb - áætlaðar gistinætur




- Vendipunkturinn á samfelldum uppgangi Airbnb á höfuðborgarsvæðinu kom í nóvember í fyrra þegar fjöldi gistinátta dróst saman í fyrsta sinn milli ára.
- Leigutekjur á höfuðborgarsvæðinu hafa dregist saman um ríflega 500 milljónir króna (7%).
- Airbnb er enn í sókn á landsbyggðinni.

Breytingar á gistinóttum í Airbnb



Velta Airbnb gistingar nálægt fjórðungi af veltu hótela á landinu

Leigutekjur af Airbnb gistirýmum




	Milljónir króna	Breyting milli ára
2015	2.645	
2016	8.741	230%
2017	18.041	106%
2018	21.887	21%
2019 (7m)	12.018	2%





Hótelin í sókn og vörn

Gistinætur á höfuðborgarsvæðinu Markaðshlutdeild Hótela og Airbnb



Gistinætur á landsbyggðinni Markaðshlutdeild Hótela og Airbnb






Gjaldeyrstekjur þjóðarbúsins dragast saman
en hærri meðaleyðsla ferðamannanna vegur
upp á móti fækkun ferðamanna

Tekjur ferðapjónustunnar í krónum stöðugar milli ára en gjaldeyristekjur dragast saman

Kortavelta ferðamanna í evrum




- Heildarkortavelta útlendinga fyrstu 8 mánuði ársins jókst um 1,3 ma.kr. milli ára í krónum talið. Það inniber 0,8% aukningu á breytilegu verðlagi.
- Gjaldyristekjur þjóðarbúsins drógust þó saman því kortaveltan í evrum talið lækkaði um 124 milljón evrur, eða sem nemur 9,3%.
- Gjaldyristekjurnar hafa ekki verið lægri síðan árið 2016.



Meðalneysla í evrum eykst lítillega en töluverð aukning í krónum talið


Kortavelta á hvern ferðamann



- Góðu tíðindin eru að meðalútgjöld ferðamanna eru að aukast bæði í krónum talið og í erlendum gjaldeyri.
- Fyrstu 8 mánuði ársins jókst meðalneysla ferðamanna um 16% í krónum talið en 5% í evrum talið.

Ferðamenn gista lengur en eyða minna í heimagjaldmiðli hverja gistinótt


Kortavelta á hverja gistinótt



- Aukin meðalkortavelta skýrist af lengri dvalartíma en útgjöld ferðamanna á hverja gistinótt dragast saman í evrum talið.
- Útgjöld á hverja gistinótt jukust hins vegar um 7% milli ára í krónum talið.

Vinnumarkaðurinn

Breyting á fjölda launþega frá sama ársfjórðungi fyrra árs




- Í júlí 2017 var hlutfall launþega í ferðaþjónustu 15,7% og hafði aldrei verið hærra. Í júlí 2019 var þetta hlutfall komið niður í 14,2%.
- Í júlí hafði störfum fækkað um 9% miðað við sama tíma í fyrra, alls um 2.900 störf.
 - - 1.100 flug
 - - 900 veitingar
 - - 400 gisting
 - - 500 aðrar ferðaþjónustugreinar



Velta fyrirtækja í ferðapjónustu

Heilt yfir er velta ferðapjónustufyrirtækja stöðug milli ára fyrir utan fluggeirann


Velta skv. VSK-skýrslum



- Gjaldeyristekjur dragast saman í öllum ferðþjónustugeirum en velta í krónum er stöðug nema í farþegaflutningum í lofti og á landi.


Velta ferðapjónustufyrirtækja í maí og júní segir svipaða sögu og kortaveltutölurnar

Velta á ferðamann samkvæmt VSK-skýrslum




- Velta á hvern ferðamann í rekstri gististaða, veitingasölu og þjónustu, bílaleigubíla og farþegaflutningum jókst um rúmlega 20% milli ára í krónum talið á VSK-tímabilinu maí-júní, en um 10% í evrum talið.
- Veltan á ferðamann í farþegaflutningum á landi jókst nokkuð minna, eða um 14% í krónum og 1% í evrum.

Tekjur gististaða á gistingu aukast í krónum en dragast saman í evrum



- Velta gististaða á tímabilinu júlí 2018 til júní 2019 nam 98 mö.kr., eða 8,2 mö.kr. á mánuði að meðaltali.
- Þetta samvarar um 12 þúsund krónum á hverja gistingu, samanborið við 9 þúsund árið 2010.
- Á föstu verðlagi hefur velta á hverja skráða gistingu verið nær óbreytt frá árinu 2009.
- Veltan á gistingu er núna 90 evrur á nótt, en var 58 evrur 2010.

Meðaltekjur á hvern bílaleigubíl dragast saman




- Á tímabilinu júlí 2018 til júní 2019 veltu bílaleigur um 51 mö.kr., eða um 4,3 mö.kr. á mánuði.
- Að meðaltali voru um 23.600 bílaleigubílar í umferð á þessu tímabili.
- Velta á hvern bíl var um það bil 180 þúsund krónur en var 200 þúsund árið 2016.

A wide-angle photograph of a sunset over a beach. The sun is a bright, glowing orb on the horizon, casting a long, shimmering reflection across the water and onto the wet sand in the foreground. The sky is a gradient of warm colors, from a pale yellow near the horizon to a soft, hazy blue at the top. The silhouettes of dark, rocky cliffs are visible on both the left and right sides of the frame. The overall mood is serene and contemplative.

Hvað er framundan?


Ánægja viðskiptavina meiri í ár en í fyrra

Meðmælaskor erlendra ferðamanna




- Ánægja erlendra ferðamanna hefur mælst meiri alla fyrstu 8 mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra.
- Meðmælaskor erlendra ferðaheildsala hefur einnig hækkað milli ára.

Meðmælaskor erlendra ferðaheildsala



Hæg fjölgun ferðamanna framundan




- Spá okkar um fjölda ferðamanna:

- 2019: -14%
- 2020: +3%
- 2021: +5%

- Gangi spáin eftir verður fjöldi erlendra ferðamanna árið 2021 um 2,2 milljónir sem er svipaður fjöldi og á árinu 2017.

Tekjur ferðapjónustunnar dragast saman í ár en vaxa hóflega á næstu árum


Útflutt ferðapjónusta og breytingar milli ára



- 2019: Heildar útflutningstekjur ferðapjónustunnar dragast saman um 34 ma.kr., eða 6,5%.
 - Tekjur af farþegaflutningum með flugi lækka um tæpa 39 ma.kr. milli ára, eða 21,5%
 - Ferðalög aukast um 1,6%
- 2020: Heildartekjur aukast um 6%.
 - Fluglið eykst um tæp 3%
 - Ferðalög aukast um 7%
- 2021: Svipuð þróun, heildartekjur vaxa um 5%, nokkuð jöfn aukningu í flugliðnum og ferðalagaliðnum.

Ferðapjónustan það sem af er árinu, í hnotskurn

Breyting helstu kennitalna miðað við í fyrra



Fyrirvari

- Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.
- Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.
- Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.